

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um lífeyrisskuldbindingar ríkis og sveitarfélaga.

Frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur.

1. Hverjar eru áfallnar lífeyrisskuldbindingar og framtíðarlífeyrisskuldbindingar í lífeyris-sjóðum opinberra starfsmanna með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og fyrirtækja í eigu hins opinbera?
2. Á hvaða árabili koma þessar skuldbindingar til greiðslu miðað við áætlaðar meðallífslík-ur þeirra sjóðfélaga sem eiga umrædd lífeyrisréttindi?
3. Telur ráðherra raunhæft að áætla að ríkissjóður og sveitarfélög muni að óbreyttu geta staðið undir umræddum skuldbindingum?
4. Hefur verið gerð áætlun um það í fjármálaráðuneytinu með hvaða hætti þessar skuld-bindingar verða greiddar? Ef svo er, í hverju felst sú áætlun?

Skriflegt svar óskast.